

Ed.

428. Frumvarp til námulaga.

[46. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. marz.)

Samhljóða þskj. 48 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með eignarnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka eignarnámi námu-réttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

- a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
- b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga for-gangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

15. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.